

MINNISBLAÐ – SAMANTEKT

26. mars 2020.

- EFNI:** Viðræður milli Rauðku ehf og Fjallabyggðar um efndir á samkomulagi aðila, dags. 28. apríl 2012.
- FRÁ:** *Birgi Tjörva Péturssyni, lögmanni og Guðmundi Kristjáni Jónssyni, skipulagsfræðingi, f.h. Rauðku ehf., fulltrúum félagsins í viðræðuhópi, skv. samkomulagi aðila.*
- TIL:** *Ásgeirs Arnar Blöndal Jóhannssonar, lögmanns og Elíasar Péturssonar, bæjarstjóra Fjallabyggðar, fulltrúa sveitarfélagsins í viðræðuhópi skv. samkomulagi aðila.*

Undirritaðir, Birgir Tjörvi Pétursson lögmaður og Guðmundur Kristján Jónsson skipulagsfræðingur, höfum verið tilnefndir f.h. Rauðku ehf. í viðræðuhóp um lausn tiltekinna ágreiningsmála, sbr. B-kafla samkomulags milli Rauðku ehf. og sveitarfélagsins Fjallabyggðar, dags. 28. apríl 2012.

Með þessari samantekt viljum við gera í örstuttu máli grein fyrir tilefni viðræðnanna og aðdraganda, afstöðu Rauðku ehf. og kröfum félagsins um efndir og úrbætur.

I. Samkomulag aðila. Uppbygging Rauðku og tengdra aðila á Siglufirði.

Hinn 28. febrúar 2012 samþykkti sveitarfélagið Fjallabyggð að hefja viðræður við Róbert Guðfinnsson f.h. Rauðku ehf. og tengdra félaga um þátttöku í uppbyggingu og fjárfestingum á Siglufirði. Gerðu aðilar samkomulag hinn 28. apríl sama ár í 5 liðum um samstarf, þar sem nánar er kveðið á um skyldur aðila, tryggingar fyrir efndum, lausn ágreiningsmála ofl. Samkomulagið varðaði framkvæmdir sem var ætlað að auka fjölbreytni í þjónustu fyrir almenning og ferðamenn og bæta ásýnd og umhverfi fyrir íbúa og gesti á Siglufirði.

Róbert Guðfinnsson hefur á undanförunum árum staðið að uppbyggingu í atvinnulífi á Siglufirði fyrir milljarða króna, sem skapað hefur fjölda starfa, m.a. fyrir ungt og vel menntað fólk. Hefur það verið til þess fallið að breyta ásýnd bæjarins og skapa tækifæri til sóknar í sveitarfélaginu. Fjallabyggð hefur ekki eingöngu hvatt til og ýtt undir þessar fjárfestingar og uppbyggingu heldur beinlínis skuldbundið sig til að leggja sitt af mörkum, m.a. í skipulags- og umhverfismálum. Birtast skuldbindandi loforð Fjallabyggðar m.a. í framangreindu samkomulagi og hafa Rauðka ehf. og tengd félög ráðist í fjárfestingar og framkvæmdir vegna réttmætra væntinga um að Fjallabyggð efni sínar skyldur.

II. Krafa um viðræður. Efndir og vanefndir Fjallabyggðar.

Það er afstaða Rauðku ehf. og tengdra aðila að þeir hafi að fullu og öllu leyti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt samkomulaginu, en Fjallabyggð hafi dregið úr öllu hófi að efna veigamikil atriði þess.

Af þeim sökum var farið fram á það f.h. Rauðku ehf. og skyldra félaga, með bréfi, dags. 3. febrúar sl., að skipaður yrði viðræðuhópur milli aðila skv. B-kafla samkomulagsins. Eins og fram kom í bréfinu sætta þessir aðilar sig ekki við þann drátt sem orðið hefur á efndum Fjallabyggðar á samkomulaginu, einkum 1. og 2. töluliðum, er varða framkvæmdir við miðbæ Siglufjarðar, við innri höfn og á Leirutanga. Er í því sambandi bent á í bréfinu, að í samþykktum fjárhagsáætlunum Fjallabyggðar fram til ársins 2023, komi ekkert fram um þessar framkvæmdir eða fyrirætlanir um efndir samkomulagsins hvað þessi atriði varðar.

Rétt er að rifja upp að þegar á árinu 2013 var f.h. Rauðku ehf. og tengdra aðila reynt að þrýsta á um efndir Fjallabyggðar á liðum 1 og 2 í samkomulaginu. Hér má m.a. vísa til bréfs, dags. 17. desember 2013, þar sem óskað var eftir formlegum viðræðum við Fjallabyggð um framkvæmdir vegna þessara atriða. Gerðist lítið sem ekkert í málinu af hálfu Fjallabyggðar fyrr en í lok árs 2014 þegar samþykkt var að veita 10 milljónum króna til deiliskipulagsvinnu á miðbæjarsvæðinu og á tanganum. Var þetta í kjölfar krafna Rauðku ehf. og tengdra aðila um efndir, sem gerðar voru bæði munnlega og skriflega.

Í tilefni af fjárveitingunni, við gerð fjárhagsáætlunar Fjallabyggðar fyrir árið 2015, færði bæjarráð eftirfarandi til bókar:

„Bæjaryfirvöld hafa fullan hug á að uppfylla þann samning sem undirritaður var við Rauðku ehf. Endanleg hönnun svæðisins liggur ekki fyrir og því er ekki hægt að áætla kostnað fyrr en búíð er að ákveða hvað skal gera, þ.e. hversu langir vegir/göngustígar eiga að vera, hvernig landmótun á svæðinu verður o.s.frv.

Því hefur hönnun svæðisins forgang á árinu 2015 í samráð við Rauðku ehf. en Rauðka ehf. hefur lagt áherslu á að framkvæmdir hefjist á árinu og hefur fyrsti áfangi verið ákveðinn á því ári.“

Rauðka ehf. og tengdir aðilar héldu áfram að efna sinn hluta samkomulagsins, fjárfesta og byggja upp á Siglufirði, í trausti samkomulagsins og framangreindrar yfirlýsingar Fjallabyggðar.

Ljóst er að Fjallabyggð lítur svo á að samkomulagið sé skuldbindandi og hefur unnið eftir því, þótt óhóflegur dráttur hafi orðið. Nýtt deiliskipulag hefur þannig verið samþykkt bæði fyrir Leirutanga, hinn 10. febrúar 2016, ásamt breytingu á aðalskipulagi hinn 1. mars s.á., og á deiliskipulagi miðbæjar Siglufjarðar, 13. september 2017.

Fyrir utan minniháttar framkvæmdir við Leirutanga hefur Fjallabyggð hins vegar ekkert aðhafst á grundvelli þessara samþykktu skipulagsáætlana. Rauðka ehf. telur að í því felist vanefndir á samkomulaginu og krefst efnda. Verði að telja augljóst að sá dráttur sem orðið hefur eigi sér ekki neinar málefnalegar ástæður.

Bent er á, að þótt deilur hafi verið um starfsemi Báss ehf., við innri höfnina, réttlæti það ekki tafir á uppbyggingu á útivistarsvæði á Leirutanga þ. á m. vegna nýs tjaldstæðis. Þótt við blasi að óþrifaleg starfsemi steypustöðvarinnar við innri höfnina falli ákaflega illa að framtíðaruppbyggingu íbúabyggðar og ferðaþjónustu í hjarta Siglufjarðar, girðir hún ekki fyrir efndir Fjallabyggðar á samkomulaginu. Á hinn bóginn álitur Rauðka ehf., að í starfsemi sinni hafi Bás ehf. farið langt út fyrir lóðarmörk og valdið tjóni á landi Fjallabyggðar. Aðgerðaleysi sveitarfélagsins bæði að því er varðar ólögmetar athafnir Báss ehf. við Leirutanga og við uppbyggingu útivistarsvæðis á tanganum er í skýrri andstöðu við samkomulagið. Ber sveitarfélaginu skilyrðislaust að hafna öllum umsóknum Báss ehf. um stækkun athafnasvæðis síns við Egilstanga. Þær fara gegn gildandi aðal- og deiliskipulagi og fullgildum skuldbindingum Fjallabyggðar gagnvart Rauðku ehf. og tengdum félögum.

III. Kröfur Rauðku ehf.

F.h. Rauðku ehf. gerum við eftirfarandi kröfur á vettvangi viðræðuhópsins:

- Undirbúningur framkvæmda við liði 1 og 2 í samkomulagi aðila hefjist þegar í stað.
- Gerðar verði tafarlausar breytingar á fjárhagsáætlunum Fjallabyggðar árin 2020 og 2021 vegna framkvæmda við miðbæ Siglufjarðar og á útivistarsvæði á Leirutanga í samræmi við gildandi deiliskipulag.
- Allri hönnun og áætlanagerð vegna framkvæmda verði lokið eigi síðar en 30. september 2020.
- Öllum framkvæmdum verði lokið á yfirstandandi kjörtímabili, þ.e. eigi síðar en daginn fyrir kjördag vegna sveitarstjórnkosninga 2021.
- Tryggt verði að starfsemi og athafnir Báss ehf. fari eingöngu fram innan skilgreindra lóðarmarka lóða nr. 1 og 5 við Egilstanga í samræmi við gildandi deiliskipulag Leirutanga.

Þá er því lýst yfir af hálfu Rauðku ehf., að hafi viðræðuhópur aðila ekki komist að niðurstöðu fyrir Skírdag, fimmtudaginn 9. apríl 2020, telji félagið viðræðurnar hafa verið árangurslausar og óska eftir því við Lagastofnun Háskóla Íslands að tilnefndur verði oddamaður í samræmi við B-kafla samkomulagsins.

*Birgir Tjörvi Pétursson
Guðmundur Kristján Jónsson*